

**Aðalfundur Félags eldri borgara í Hveragerði haldinn í Þorlákssetri föstudaginn 16. febrúar 2024, kl.15.**

1. **Kosning fundarstjóra og ritara.** Formaður stakk upp á Jóhanni Gunnarssyni sem fundarstjóra og Sigrúnu Önnu Stefánsdóttur sem ritara og var það samþykkt.
2. **Skýrsla stjórnar.** Formaður las upp skýrslu stjórnar frá síðasta starfsári. 23 stjórnarfundir voru haldnir á árinu auk fjölda óformlegra funda m.a. með verkefnastjórum Bjarts lífsstíls, Öldungaráði og bæjarstjóra. Haldnir voru 3 félagsfundir auk aðalfundar. Á vörfundinn mættu um 90 manns. Þar kynntu stjórnarmenn m.a. verkefnið Bjartur lífsstíll og Helgi Pétursson, formaður Landssambands eldri borga kom og kynnti vel starf þeirra í þágu aðildarfélaga. Á haustfundinn mættu um 100 manns. Þar var m.a. kynnt haustdagsskráin og nýtt skráningakerfi Sportabler sem tekið var upp á árinu. Jólafundurinn var haldinn á Hótel Örk og mættu þar 70 manns. Var þar kynnt m.a. samstarf Frístundamiðstöðvarinnar Bungubrekku og FEBH sem felur í sér að við höfum fengið starfsmann á skrifstofu félagsins í 30% starf sem Hveragerðisbær gegnum Frístundamiðstöðina útvegar. Nú eru í gangi 10 vikna námskeið sem ganga vel og enda um páska. Starf hópanna gengur einnig vel en við reynum að bæta úr því sem við getum. Kór Félagsins Hverafuglar fór í ferð til Gdansk í vor. Í kórnum starfa 37 félagar ásamt kórstjóra og æfa þeir einu sinni í viku ásamt ýmsum uppákomum. Vegleg afmælishátíð var haldin 25 mars og mættu þar 121 félagi. Tvisvar var farið í leikhús á árinu. Farið var í tveggja daga fer um Borgarfjörð og Snæfellsnes, Pizza- og björkynningu á Ölverk og Sviðaveislu í Rósakaffi. Nýr stafsmaður Kolbrún Ósk Guðmundsdóttir tók til starfa í desember og starfar í 30% starfshlutfalli á skrifstofu Þorlákssseturs. Tvær nefndir störfuðu í félaginu frá nóvembermánuði. Uppstillingarnefnd, þar sem formaður var Jóna Einarsdóttir, meðstjórnendur Sesselja Guðmundsdóttir og Eyvindur Bjarnason og Lagabreytinganefnd sem í sátu Jóhann Guðmundsson sem formaður ásamt Páli Guðmundssyni og Sigurlín Sveinbjarnardóttur sem meðstjórnendur. Félagið náði góðum samningi við NLFI sem gerir okkur kleyft að auka verulega möguleika okkar á að bjóða góða hreyfingu fyrir félagsmenn. Fjölgun félagsmanna á árinu voru 58 og fjöldinn er nú alls 380 félagsmenn. Sigurlín þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum samstarfið og sérstaklega Steinunni Aldísi gjaldkera.
3. **Ársreikningur 2023.** Steinunn Aldís gjaldkeri fór yfir ársreikning sem var samþykktir utan eins atkvæðis sem var á móti.

4. **Félagsgjöld 2024.** Lagt var til að félagsgjöldin yrðu hækkuð úr 4500 í 5000 krónur og var það samþykkt samhljóða.
5. **Lagabreytingar.** Eftirfarandi lagabreytingar voru bornar upp á fundinum og samþykktar samhljóða, sjá feitletrað. 3. kafli. Árgjöld og tekjur. Tekjur félagsins eru félagsgjöld, rekstrarstyrkur Hveragerðisbæjar á hverjum tíma, gjafir, einstök framlög og fjáraflanir félagsins. Árgjöld félagsmanna skulu ákveðin á aðalfundi ár hvert. Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið. Félagið er í Landssambandi eldri borgara. ***Felld verði niður félagsgjöld við 90 ára aldur félaga.*** 4. kafli. Skipan stjórnar og verkefni. Stjórn félagsins skipa fimm menn og tveir til vara. Formaður, varaformaður, gjaldkeri, ritari, meðstjórnandi og tveir til vara. Kjörtímabilið er tvö ár. Formaður er kosinn sérstaklega. Enginn skal sitja í formannssæti lengur en tvö kjörtímabil í röð. Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður er forsvarsmaður félagsins, hann boðar til funda og stjórnar þeim. Gjaldkeri annast almennar fjárreiður félagsins í umboði stjórnar samkvæmt almennum reglum þar um. Ritari heldur gerðabók félagsins og skráir þar ályktanir funda, einnig ferðir og aðra starfsemi félagsins. Stjórn félagsins ber ábyrgð á fjárreiðum þess. Stjórn félagsins er heimilt að skipa nefndir til að annast tiltekin verkefni, ákveða verk svið þeirra og setja þeim starfsreglur. ***Slíkar nefndir heyra beint undir stjórn félagsins og starfa á ábyrgð hennar. Þær kjósa sér stjórn og tilkynna það stjórn félagsins. Nefndir með sérrekstur skulu láta stjórn félagsins í té ársreikninga sína, áritaða af stjórn og skoðunarmanni reikninga.*** Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn á fasteign félagsins og skipar fulltrúa í hússtjórn. Breyting á fasteign félagsins verður þó að hljóta samþykki aðalfundar. Óheimilt er, nema að fengnu samþykki löglega boðaðs félagsfundar, að setja fasteign félagsins sem tryggingu fyrir skuld, þ.á.m. að veðsetja hana. ***Á sama hátt þarf samþykki löglega boðaðs félagsfundar ef leigja á eða veita öðrum en félagsmönnum afnotarétt á fasteign félagsins.*** Engin föst laun greiðast fyrir stjórnar-né fundarsetu. Öll meiriháttar mál skal stjórn bera undir félagsfund. 5. Kafli. Aðalfundur. ***Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundi er þó óheimilt að samþykkja fjárskuldbindingar sem ekki hafa hlotið umfjöllun í stjórn félagsins. Á næsta aðalfundi fyrir bæjarstjórnar-kosningar skulu kosnir 3 fulltrúar í öldungaráð bæjarins og þrír til vara. Kjörtímabil fulltrúa félagsins er það sama og fulltrúa bæjarins þ.e. 4 ár. Þegar kosið er í stjórn, öldungaráð, fulltrúa á landsþing og fleira. skal leitast við að gæta kynjajafnréttis.***
6. **Kosningar.** Gengið var til kosninga stjórnar félagsins og eru eftirtaldir stjórnarmenn í framboði. Í aðalstjórn: Til eins árs: Daði Ingimundarson. Til tveggja ára: Anna Elísabet Ólafsdóttir, Birgir Þórðarson og Kristinn Kristjánsson. Í varastjórn: Ingibjörg Sigrún Guðjónsdóttir. Skoðunarmenn ársreikninga: Hólmfríður Skaftadóttir og Þórdís Magnúsdóttir. Til vara: Jakob Árnason. Fulltrúar á þing LSEB: Tilefndir af stjórn, eru formaður, ritari og gjaldkeri. Var þetta samþykkt samhljóða.

## 7. Önnur mál.

1. Aðalfundur Félags eldri borgara í Hveragerði haldinn í Þorlákssætri 16. febrúar 2024 samþykkir að heimila stjórn félagsins að semja við Karlakór Hveragerðis um afnot af húsnæði félagsins til æfinga.
2. Kolbrún Tanja Eggertsdóttir og Eygló Huld Jóhannesdóttir kynntu verkefni sín hjá Hveragerðisbæ og tengingu við FEBH.
3. Kolbrún Ósk Guðmundsdóttir, nýr starfsmaður FEBH, kynnti sig og sagði frá vinnutíma sínum í Þorlákssætri sem er þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá 9-12.
4. Sigurlín formaður sagði frá nokkrum verkefnum sem framundan eru og verða í umsjá nýrrar stjórnar.
5. Steinunn Aldís gjaldkeri lagði fram undirskriftarlista varðandi prókúruskipti fyrir nýjan gjaldkera og bað félagsmenn að undirrita hann. Einnig þakkaði hún samstarfið við fráfarandi stjórn og óskaði nýjum stjórnarmönnum bjartar framtíðar í starfi félagsins.
6. Spurningar og athugasemdir úr sal:
  - a) Margrét vakti athygli á ljósmyndahópnum og bauð áhugasama velkomna í heimsókn í hópinn. Einnig óskaði hún nýrri stjórn til hamingju.
  - b) Ævar Axelsson spurði um tillögu sem borin var upp í fyrra og bað um að sú tillaga yrði rædd. Ekki vildi hann nefna hvaða tillögu væri um að ræða. Sigurlín svaraði honum að ef hann ætti við munnlega tillögu á aðalfundi fyrir ári síðan um að félagið gengi úr LEB þá hefði ekki reynst vera almennur vilji félagsmanna til þess, einkum ekki eftir heimsókn formanns LEB á vöfundinn og útskýringar hans á starfi þeirra. Málið var tekið af dagskrá fundarins.
  - c) Ingibjörg Sigrún sagði að lítil þátttaka hefði verið í umræðutímum um málefnum blindra og sjónskertra og ef einhverjir félagsmenn hefðu áhuga á því málefni þá bað hún þá að láta sig vita.
  - d) Ása Jóhannsdóttir spurði um heimasíðu félagsins og hvort ekki væru breytingar í vændum á því sviði. Sagðist hún vera búin að hafa samband við Daða en hann ekki svarað. Sigurlín svaraði að heimasíðan yrði fyrsta verk nýrrar stjórnar að fást við.

- e) Steina Aðalsteins spurði hvort NLFÍ væri ekki fyrir hreyfihamlaða þar sem hún fær ekki aðgang í sundleikfimi félagsmanna sökum fötlunar sinnar. Sigurlín svaraði að stjórnin geti ekki stjórnað starfsemi og reglum Heilsustofnunar.
- f) Guðmundur hópstjóri gönguhóps hvatti félagsmenn til að mæta í gönguna frá Þorlákssetri og þakkað stjórn fyrir vel unnin störf.
- g) Fundi slitið kl. 16.20

Sigrún Anna Stefánsdóttir ritari

# Félag eldri borgara í Hveragerði

## Vorfundur, haldinn í Þorlakssetri 3.maí 2024

1.a. Fundarstjórn skipuð; fundarstjóri; Sigurlín Sveinbjarnardóttir formaður, ritari; Birgir Þórðarson og Sigrún Guðný Arndal til vara.

1. 16;00 Setning Vorfundar, Sigurlín formaður bauð fundargesti velkomna til vorfundar félagsins og lýsti ánægju sinni yfir góðri mætingu á fundinn, en á fundinn mættu rúmlega 70 manns. Sigurlín nefndi helstu málefni, sem fjallað yrði um á fundinum og sagði svo stutta gamansögu af danska bæjarstjóranum, sem bauð öllum eldri borgurum í ferð til Mallorca, „ef þið kjósið mig“, áður en hún bauð gest fundarins, frú Þórunni Reynisdóttur forstjóra ferðaskrifstofunnar Úrval Útsýn velkomna og gaf henni orðið:

2. 16;05 Gestur fundarins, Þórunn forstjóri ferðaskrifstofunnar, sagði frá 15 daga ferð til Benidorm 20. september – 4. október n.k. á vegum ÚÚ, sem er sérstaklega skipulögð, m.a. með tilliti til þjónustu, fyrir eldri borgara. Dvalið er á hóteli Melia Benidorm, gott fjögurra stjarna hóteli, skammt frá aðal strönd Benidorm. Markmið ÚÚ sé að „koma fólki út úr húsi og í sól til að dansa og syngja“. Milt og þægilegt veður er á þessum árstíma við Miðjarðarhafið. Þessi ferð er sérstaklega í boði til félaga FEBH nú í haust og lýsti Þórunn nokkrum kostum ferðarinnar; m.a. eigin flugvél á vegum ÚÚ, íslenskur staðarstjóri ytra, og hópa- og skemmtistjóri Helga Thorberg, sjá nánar í bæklingi fyrir Úrvalsfolk, sem dreift var á fundinum og liggur einnig frammi á skrifstofu félagsins. Þessi ferð er í boði á sérstöku tilboðsverði til FEBH. Nokkrar fyrirspurnir komu úr sal; Er hægt að framlengja ferð? Alveg sjálfsagt. Hægt er að leigja golfsett, góðir golfvöllir á vegum ÚÚ. Margar sérferðir í boði frá hótelinu. Hægt er að koma til móts við margvíslegar séróskir. Fólk í hjólastólum velkomið í ferðina. Ferðanefnd félagsins mun kynna ferðina frekar á næstu vikum.

3. 16;21 Sigurlín kynnti, f.h. Ferðanefndar, ferðir ársins; Vorferð um Suðurland í lok maí og ferð að Fjallabaki síðsumars, auk Sólarferðar til Benidorm. Vorferð er skemmti- og menningarferð um Suðurland m.a. komið við í Eldfjalla safninu á Hvolsvelli og skoðuð sýning, sem Ari Trausti Guðmundsson jarðfræðingur hefur hannað, Njálu refillinn heimsóttur og farið á Skógasafn, þar er m.a. ný sýning í Samgöngusafninu, sem fjallar um Austurleið.

Þessi Vorferð verður betur kynnt á næstu dögum, sem og möguleg Síðsumars/Haust ferð t.d. um Syðri Fjallabaksleið. Í ferðanefnd félagsins eru auk Sigurlínar, Guðný Ottesen og Birgir Þórðarson.

3.c 16;31 Hér skaust Áslaug formaður söngkórsins Hverafugla inn í dagskrá og kynnti í stuttu máli starfsemi kórsins, sem er blandaður kór og allir, sem hefðu yndi af

söng, væru velkomnir, nýir félagar teknir inn á haustönninni. Örylgur kórstjóri væri mikill gleðigjafi og söngur væri mikil hollusta og góð leikfimi fyrir heilann.

4. 16;34 4. Anna Lís Ólafsdóttir sá um kynningu á þætti félagsins á Blómstrandi dögum 15-18. ágúst n.k. Félagið mun m.a. verða með opið hús og kynningu á starfseminni, sérstaklega á starfi hópanna, laugardaginn 17. ágúst kl.14-17. Bent var á að hér væri gott tækifæri til að fjölga félögum, sem í dag eru nálægt 400, en íbúum 60 ára og eldri hefur fjölgað verulega á síðustu árum í Hveragerði. En aðeins hluti þeirra væri í FEB og nefndi hún að á Blómstrandi dögum væri sóknartækifæri til að fá inn fleiri félagsmenn í félagið okkar FEB. Anna Lís starfar að þessu máli ásamt öðrum í stjórninni; Sigrúnu Arndal og Ingibjörgu Guðjónsdóttur, í samstarfi við Hveragerðisbæ og menningarfulltrúa Blómstrandi daga. Sjá sérstakt minnisblað um Blómstrandi daga 2024 og væntanlega dagskrá Blómstrandi daga.

5. 16;40 Sigrún Guðný Arndal kynnti mögulegar nýjungar á vegum félagsins á haustmisseri; nefnt hefur verið m.a. „Opið hús“ t.d. vikulega (spjall & kaffi). Námskeið í Bridge. Dans námskeið. „**Stóla“ leikfimi**. Snjalltækja námskeið í samstarfi við ungmenni í Bungubrekku. Umræða var einnig um hvort hægt væri að fjölga ljósmynda hópum. Ljósmynda- hópur félagsins væri nú fullskipaður og væri því lag að stofna nýjan hóp, sem byggði á reynslu „gamla“ hópsins m.a. með námskeiði í tækni og listum ljósmynda.

5c. 16;48 Hér skaust Brandur Gíslason inn í dagskrá og vakti athygli fundarfólks á, að í Hveragerði vanti á skipulag bæjarins, lóðir eða hverfi, sem ætlaðar séu fyrir eldri íbúa t.d. 50+, þar sem jafnframt er aðstaða fyrir félagsmiðstöð fólksins. Vísaði hann til hversu vel sé að slíku staðið í mörgum öðrum sveitarfélögum, t.d. Árborg. Hvatti hann félagið að koma þessari hugmynd á framfæri bæjaryfirvalda, t.d. gegnum Öldungaráðið.

6. 16;50 Síðasta dagskrá mál var kynning Daða Ingimundarsonar á nýrri heimasíðu félagsins. Núverandi síða er orðin gömul og þung í vöfum. Heimasíðan er nokkuð vinsæl og eru „dagsflettingar“ á síðunni 800-1200. Heimasíða þarf að vera „Rétt og segja satt“.

Daði sýndi nýju síðuna, sem er í lokafrágangi fyrir vígslu. Síðan er unnin í samstarfi við unga sérfræðinga í Bungubrekku.

7. 16;59 Sigurlín formaður sleit fundi og þakkaði fundarfólki fyrir komuna og framsögufólki erindin, bauð síðan öllum að ganga í næsta hús, Skyrgerðina og þiggja þar veitingar og spjalla. (BÞ 3.05.2023

# **Haustfundur Félags eldri borgara í Hveragerði, 2024 var haldinn í sal félagsins á**

## **Þorlakssetri, fimmtudaginn 10 nóvember.**

Var fjölmenni mætt að spjalla, njóta góðra veitinga félagsins og hlýða á fróðleg erindi, sem á dagskránni voru og flutt af eftirfarandi; Magnús J. Magnússon formaður FEB Selfossi, Liljar Mar Pétursson forstöðumaður Bungubrekku, Hveragerði, Anna Lís Ólafsdóttir í stjórn FEB Hvg Sigrún Guðný Arndal í stjórn FEB Hvg.

1. Frú Sigurlín Sveinbjarnardóttir formaður Eldri borgara félags Hveragerðis hóf Haustfundinn og bauð félagsfólk og gesti velkomna á fundinn. Skipaði síðan Sigrúnu Guðný Arndal fundarstjóra og Birgi Þórðarson fundarritara. Sigrún setti fundinn og við tók Sigurlín formaður og kynnti atriði á dagskrá og m.a. eftirfarandi viðburði á vegum félagsins; a) Sundleikfimi í samstarfi við Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði, þessi heilsuefling hefur verið vinsæl meðal félagsmanna, færri hafa komist að en pláss er hverju sinni, verður úr því bætt með nýju námskeiði, sem hefst eftir helgi og ganga þeir fyrir, sem eru á biðlista. b) Þriðjudaginn 15. desember n.k. verður Ball á Örkinni ! Þetta verður stórdansleikur fyrir alla eldri borgara á Suðurlandi. Ballið á að verða fjölmennt og glæsilegt, gestir koma vonandi frá öllu Suðurlandi. Hljómsveit Hjördísar Geirs og félaga leikur fyrir dansi, með hléum, fyrir skemmtisögur o.fl. Karlakór Hveragerðis kemur og syngur nokkur lög. Vonandi kemur fullt af fólki, þetta komið af stað og verður vonandi árviss viðburður á dagskrá eldri borgara ! Verkefnið er gert í samstarfi allra félaga eldri borgara á Suðurlandi. Sigurlín formaður sagði einnig frá c) væntanlegri leikhúsferð til að sjá "Elly", uppselt er þegar á þann viðburð. d) Félagið vinnur nú að undirbúningi fyrir Jólahlaðborðs fund ársins, sem vonandi verður á stað sem þægilegt aðgengi er fyrir okkur eldri borgara.

2. Magnús J. Magnússon, skólastjóri og formaður Eldri borgara félagsins á Selfossi flutti erindi. Magnús er fæddur á Akureyri 1954 og hefur víða komið við á landinu, sem skólastjóri og kennari, m.a. við skólann hér í Hveragerði. Hann hefur staðið að margvíslegum úrbótamálum í starfi og hefur að kjörorðum "Mikilvægt sé að líða vel í vinnunni og vellíðan skiptir mestu máli". Félag eldri borgara á Selfossi og "Öldungaráð" hefur alltaf átt góð samskipti við "ráðamenn og bæjarstjórnir" í Árborg, m.a. um uppbyggingu aðstöðu fyrir eldri borgara. Mun sú aðstaða vera svo til fyrirmyndar að eftir er tekið. Eitt af baráttumálum, sem barist er fyrir eru lífeyrismál, að þau séu þannig að „eldri borgarar lifi af“. Á nýlegum kynningarfundum félagsins mættu 250 manns, sem var meira en "fullt hús", þarf því að huga að þeim málum; Svar bæjarfélagsins við þeirri ósk "að nú vantar stærra hús " þar er aldrei sagt "nei"; "Já, við skulum kanna það og framkvæma". Þetta eru allt saman jákvæð mannleg samskipti. Fjöldi hópa og viðburða stjórn eru starfandi innan félagsins og samstarf við önnur félög, m.a. er sérlega góður samstarfssamningur við kvenfélagið á Selfossi; það sér um allar veitingar á fundum, opnum húsum vikulega, uppákomum margvíslegum og öðrum samkomum. Allur ágóði kvenfélagsins er notaður til líkna og góðgerðamála af ýmsu tagi. Á vegum eldri borgara félagsins er mikið um ferðalög, m.a. "Einu sinni á ágústkveldi", sem er tveggja daga lautarferð, 93 mættu í ár ! Leikhúsnefnd er með ferðir í leikhús m.a. á allar sýningar hjá Leikfélagi Hveragerðis. Árshátíðarnefnd er kröftug og margt

fleira gert, mikið listastarf og sýningar, allskonar skemmtanir og fjör, söngur og gleði, m.a. Hattapartí 1. des. Fornsöguhópur les nú Laxdælu og ferðast á sögusviðið. Stjórn félagsins er öflug og fundar alla föstudaga 10;30 - 12;00. Eitt af mikilvægustu verkefnum er að "hafa vakt á þeim sem hætta að mæta - ekki láta þá vera, þar til þeir deyja" Kristinn Þakkaði Magnúsi fyrir erindið og spurði hvort félagar FEB Hveragerði mættu koma og skoða hina góðu afstöðu á Selfossi ? Magnús kvað það alveg sjálfsagt og leggur það fyrir næsta fund.

3. Liljar Mar Pétursson forstöðumaður Bungubrekku flutti stutt erindi um forritið Sportabel eða [www.abler.io](http://www.abler.io) . Hann sagðist sjálfur enn vera að læra á þetta forrit og er í góðu sambandi við FEB um að aðstoða félagsmenn um notkun þessa forrits, sem allar greiðslur félagsmanna, árgjöld og viðburða gjöld fara nú í gegnum þetta forrit. Hann telur forritið nokkuð notenda vænt, en taki kannski tíma að læra á það, en þegar það er komið, gengur það vel. Á forsiðu forritsins er hægt að senda inn fyrirspurnir og aðstoðar beiðnir og fá svar í rauntíma. Mikilvægt er að skrá sig rétt og fá "profil" í símann og eins appið, reyna að spekulera áfram og kynnast forritinu.

4. Anna Lís Ólafsdóttir flutti erindi um námskeið félagsins, sem eru í gangi og fjallaði um vinsælu sund leikfimi námskeiðin, sem eru í samstarfi við Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði. Biðlisti hefur verið á þessi ágætu heilsueflandi námskeið, en það stendur nú til bóta því, pláss hefur fengist til að bæta við nýju námskeiði. Námskeiðin eru hentug fyrir alla, konur og kalla. Hvetur hún sérstaklega karla að taka þátt. Fullbókað er nú í námskeiðið "Jóga í vatni", en hægt að skrá sig á biðlista, ef forföll verða. Skráning á biðlista er gert á Sportabel / [www.abler.io](http://www.abler.io) . Fyrirspurn úr sal (Steina) kvartar yfir að Heilsustofnun vilji ekki hleypa fólki í hjólastól inn á námskeiðin. Hún vill til vara komast í "Stóla leikfimi".

5. Sigrún Guðný Arndal sagði frá starfsemi félagsins í vetur, nú eru starfandi 11 hópar, sem allir hafa verið kynntir vel áður. Hún sagði frá því að nú væri nýr hópur að fæðast, hið Langbráða Bridge námskeið. Helgi Hermannson frá Eyrabakka mun koma og kenna Bridge tvisvar sinnum í viku. Það hafa verið góðar undirtektir og þegar vel skráð þátttaka á fyrsta námskeiðið. Ef vel gengur verða Bridge námskeiðin áfram. Sigrún sagði frá að "Opíð hús" væri nú alla miðvikudaga, heitt á könnunni, meðlæti og dagskrá í 45 mínútur af ýmsu tagi.

6. Fyrirspurnir og önnur mál; Bára hvatti sér hljóðs og vildi færa þakkir fyrir sérlega vel heppnaða Spánarferð til Benidorm nú í haust, á vegum félagsins. Vel að ferðinni staðið í alla staði, góð þjónusta með rútu félagsins á flugvöllinn og sótt við komu ! Á leiðinni er fjöldi "tásummynda" frá ferðalöngum. Læknir hafði tjáð Báru "að það ætti alltaf að stuðla að ferðum eldri borgara út í hlýju sólarlanda. Þeir færu "Haltrandi út, en kæmu hlaupandi heim". Sigurlín formaður þakkaði ummælin og kvað gaman að fá svona gleði fréttir. Ævar .... hvatti sér hljóðs og spurði um tillögu sína, frá síðasta aðalfundi um að félagið segði sig frá Landssambandi eldri borgara, en þangað eru greiddar 800 kr. á hvern félagsmenn "fyrir ekki neitt". Sigurlín formaður svaraði að vissulega hefði verið fjallað um málið á vettvangi félagsins. Lagabreyting þyrfti til ef gengið er úr LEB. Félagið hefði fengið formann LEB Helga Pétursson til að koma á fund og hann útskýrt þau mál, sem LEB væri að fjalla um, sem m.a. væru samtöl við þingmenn og aðra ráðamenn. Margt hefði verið gert til bóta.

Ekki væri verið að svæfa málin, eins og Ævar vænti stjórn félagsins um. Magnús Selfoss formaður og stjórnarmaður í LEB ræddi einnig við Ævar og fullvissaði hann um að vel væri



unnið að málum á vettvangi LEB um að bæta kjör eldri borgara. Bauðst til að taka kvörtun Ævars upp á fundi í stjórn LEB. Sigurlín minntist á að þrír fulltrúar félagsins væru í Öldungaráði sveitarfélagsins, Hveragerði, þ.e. formaður, varaformaður og gjaldkeri. Sigrún sleit nú fundi kl. 17:24 og bauð fólki að njóta veitinga, kaffi, Jólaköku og Brauðtertna frá Almari Bakara í Hveragerði.

# Jólafundur FEBHVG haldinn á Hótel Örk 5.desember 2024 kl 17:00

Mætt voru f.h. stjórnar, Anna Lís, Daði, Kristinn, Ingibjörg og Birgir, sem skrifaði fundargerð.  
Forföll boðuðu Sigurlín og Sigrún. Aðrir félagar, sem komu, voru um 80 manns.

Kristinn stjórnaði fundinum.

Dagskrá;

1. Kristinn bauð félaga og gesti velkomin og kynnti dagskrá.
2. Anna Lís sagði frá námskeiðum, sem verða í boði á vegum félagsins eftir áramót, frá í byrjun janúar og fram í maí 2025. Það er mjög fjölbreytt flóra námskeiða, m.a. sundleikfimi í laug Heilsustofnunar, Yoga bæði í vatni og á gólfi, spænskunámskeið fyrir byrjendur og lengra komna, "smátækja" námskeið þ.e. kennsla í notkun farsíma og spjaldtölva, þar kenna unglingar okkur eldri hvernig best er að nota og nýta tæknina, "maður á mann" námskeið. Bridge námskeið hafa verið í vetur í Þorlákssetri og hópa vinnan er ígildi námskeiða, t.d. ljósmyndun, en nú stendur yfir sýning

Ljósmyndahópsins í Þorlákssetri, en sú sýning var áður búin að vera í Bókasafni Hveragerðis. Mikil vinna liggur að baki öllu þessu skipulagi námskeiða og rétt að færa Önnu Lísu sérstakar þakkir fyrir einstakan dugnað og útsjónarsemi við samninga og skipulag ! Hún mun birta glærurnar um námskeiðin á vef félagsins, en þar eru greinargóðar lýsingar á öllum námskeiðum.

Hægt er að skrá sig á námskeiðin frá 6. Janúar 2025.

3. Daði fjallaði m.a. um Öldungaráð o.fl., sem sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar eiga að sinna og snerta hagsmuni eldri borgara. Daði nefndi m.a. væntanlegt málþing í vor, þar sem allir íbúar Hveragerðis 50 ára og eldri fá tækifæri til að tjá sig um framtíðarsýn þeirra á aðstöðu og þjónustu við eldri borgara í Hveragerði. Í dag, vegna frumkvæðis eldri borgara félaga eru nokkur verkefni, sem njóta stuðnings opinberra aðila, sérstaklega heilsueflingar verkefni, má þar nefna verkefnið Bjartur

lífsstíll og Gott að eldast. Öldungaráð er brúin milli eldri borgara og sveitarstjórnar. Það vinnur með hagsmunamál eldri borgara og fylgir þeim eftir í sveitarstjórn..

4. Kristinn fjallaði um starfsemi félagsins og hvað væri framundan, m.a., nefndi hann að aðalfundurinn væri framundan núna í febrúar n.k. Hann fjallaði um hversu fjölbreytt starfsemin í Þorlákssetri væri og hvað hópstjórar sem væru í forystu innu mikið og gott starf. Hann nefndi hversu hjálparhellurnar á staðnum, Vallý, sem sér um að það sé alltaf kaffi á könnunni og allt sé “spik & spa” varðandi þrif og hugguleg heit á staðnum. Villi væri líka ómissandi, hann sæi um öll tæknimál í rekstrinum og ef bilaði eitthvað þá vissi hann alltaf ráð til gangsetningar. Þau hafa nú bæði fengið kvittaðan starfssamning, hvert á sínu sviði.

Kristinn sagði frá er hann og Daði áttu fundi með Hveragerðisbæ, bæjarstjóra og bæjarstjórn. Kynntu þeir þar starfsemi félagsins og hugmyndir um frekara samstarf m.a. um fjölnota hús eldri borgara í Hveragerði, þar sem fjölbreytt starfsemi og heilsuefning eldri borgara færi fram, m.a. tómstundir af öllu tagi, snyrti- og hárstofur, góðir fundarsalir og heilsuefning m.m. Kristinn sagði að þeir Daði hafi fyllst eldmóði, eftir að hafa heimsótt nýjar höfuðstöðvar eldri borgara á Selfossi, en þar væri þetta allt til staðar og meira til, allt með góðum stuðningi bæjarstjórnar Selfoss. Kristinn sagði einnig að þeim félögum hafi verið boðið að skoða hugmyndir um stækkun íþróttahússins í Hveragerði, en þar gætu hugsanlega eldri borgara íþróttir átt heima.

Kristinn hvatti að lokum til að gefa bæjarstjórn gott klapp, hrósaði kór eldri borgara Hverafuglum, sem var á staðnum og fékk líka gott klapp.

5. Jóláhugvekja var flutt af séra Nönnu Sif sóknarpresti við Hveragerðis- og Kotstrandarkirkju prestaköll. Hún byrjaði með að gera grein fyrir sínum uppruna, hún á ættir að rekja til Vorsabæjar í Ölfusi, þar sem afi hennar og amma voru bændur. Reyndar stendur Hveragerði allt á lendum Vorsabæjar. Hún er fædd á Akranesi, en var eitt sinn 2005 í heimsókn hjá ömmu í

Vorsabæ, sem hvatti hana til að setja á sig varalit og fara á ball upp í Hveragerði, sem hún gerði og kynntist þar á dansleiknum í Ljósbrá bröttum pilti, Daða, sem seinna varð maðurinn hennar. Eftir að hún hafði lært til prestsins, varð hún prestur við Selfosskirkju í 10 ár og þegar vantaði prest í Hveragerði sló hún til og varð sóknarprestur við Hveragerðis- og

Kotstrandarkirkjur. Nanna Sif talaði um “faðm tímans” og leiddi það hana til

Jósefs og Maríu í Betlehem, sem lentu þar í vandræðum, húsnæðislaus og María ólétt. Lífið kom þeim svo sannarlega á óvart þarna, með fæðingu barnsins, utan hjónabands og þeim þar ítt út á jaðar samfélagsins. Barnið reyndist þó síðar vera Frelsari heimsins. Með virðingu, opnum hug og hjarta sjá menn hvernig Guð kemur okkur alltaf á óvart. Að

lokum fór Nanna Sif smá yfir Jólin í dag. Henni var þakkað fyrir fallega hugvekju og fróðlegt spjall.

6. Önnur mál. Nú var mest spurninga tími, þar sem fólk í salnum spurði margs, en aðallega um væntanlega íþróttastöðu í Hveragerði fyrir aldraða, þar sem væri hægt að spila Boccia, tennis og badminton. Þar sem hjólastóla fólki verði tekið með sæmd. Varð úr þessu almennt spjall og hlátur.

7. Nú tók Davíð Alexander Catchard Jones við stjórn mála, en hann er ungur nýr kórstjóri og tónlistarsnillingur Hverafugla, sem tóku lagið og sungu nokkur Jólalög;

“Hátíð í bæ”, við teksta Ólafs Gauks

“Í nótt er foldin skyggð”, eftir Svavar Knút

Og að lokum “Yfir Fannhvíta Jörð” við teksta Ólafs Gauks

Hverafuglum var ágætlega tekið, klappaðir upp og fagnað.

8. Að loknum fundi var gengið til veislu og etið gómsætt lamba- og hreindýra steikur með tilheyrand meðlæti.

“Undir borðum” spiluðu þeir Kristján á Saxafón og Pétur á Píanó. Davíð Alexander fékk tækifæri til að stelast í píanóid og jazz geggja liðið.

Vel heppnaður Jólafundur og veisla Eldri borgara félagsins í Hveragerði 2024.